





## Flugvallarvegur 7 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. janúar 2023 var lögð fram fyrirspurn Flugbjörgunar-sveitarinnar Reykjavík, dags. 1. nóvember 2022, um stækkun hússins á lóð nr. 7 við Flugvallarveg, samkvæmt uppdr. dags. 7. júlí 2022.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hluti gildandi deiliskipulags frá 1999

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt landnotkun gildandi aðalskipulags er lóðin innan opins svæðis (OP2) rétt við mörk tveggja miðsvæða (M5 og M23).

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag Öskjuhlíð, samþykkt af borgarráði Reykjavíkur þann 1. júní 1999.

### Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til beiðni Flugbjörgunarsveitanna FBSR, að:

- stækka vélasal til norðausturs
- leyfi til að rífa bragga
- stækka lóðina og leysa þar með bílastæðavanda FBSR (merkt rauðum rétthyrning á mynd að neðan)

Auk aðseturs Flugbjörgunarsveitarinnar við Flugvallarveg er bílaleiga Hertz, áður bílaleiga Flugleiða, staðsett norðaustan lóðar FBSR í borgarlandi samkvæmt afnotaleyfi. Starfsemin er víkjandi samkvæmt deiliskipulagi. Stríðsminjar í formi bragga eru innan lóðarinnar. Í greinargerð fyrirspyrjanda kemur fram að braggi þessi sé orðinn illa farinn, haldi hvorki vatni né vindum, hann sé ekki upphitaður, og vart hafi verið músagangur sem nagi sundur rafmangsléiðslur. Tekið er fram að endurbætur á bragganum séu of kostnaðarsamar auk þess sem húsnæðið nýtist ekki sveitinni vel.

Í greinargerðinni kemur fram að sveitin sé fremur ósátt vegna ráðstöfunar skipulagsyfirlvalda á bráðabirgða bílastæðasvæði sem sveitin hefur nýtt sér suðvestan við núverandi skrifstofuhús sveitarinnar á grunni bragga sem eru horfnir. Samkvæmt nýlegri deiliskipulagsbreytingu lóðar nr. 79 við Nauthólsveg mun ný lega hjólastígs þvera umrætt svæði. Þá er bent á að björgunarfólk verði að geta lagt bifreiðum sínum nálægt húsnæði FBSR hvenær sem er sólarhrings, eins fljótt og hægt er, í hvaða veðri sem er. Einnig er nauðsynlegt að viðskiptavinir fjáraflana (jólátrjáa- og flugeldasölu) geti lagt nálægt húsnæðinu.



Skipulagsfulltrúi hefur skilning á mikilvægi sveitarinnar og því óeigingjarna starfi sem fer fram innan lóðarinnar. Nærsvæðið hefur hinsvegar tekið stórtækum breytingum samanber rismikla og metnaðargjarna íbúðauppbygginu á Hlíðarendasvæðinu síðasta áratuginn. Er sú spurning áleitin hvort ökutækjamiðuð starfsemi við Flugvallarveg sé mögulega barns síns tíma, á þessum stað, við rætur Öskjuhlíðar.

Skipulagsfulltrúi bendir á að niðurrif herminja / bragga frá 1942 sé háð úttekt og umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur. Í skýrslu Minjasafns Reykjavíkur, skýrslu nr. 161, frá árinu 2013 var lagt til að svæðið sem bragginn stendur á njóti verndar í gulum flokki þar sem hann myndar heilstæða þyrpingu ásamt öðrum mannvirkjum við Flugvallarveg frá hernámsárunum í Reykjavík og vísar til upphafs Reykjavíkflugvallar.

Skipulagsfulltrúi sér ekki skipulagslega annmarka á því að byggja við og lengja núverandi vélageymslu. Tiltölulega einfalt væri að koma burtu slíku mannvirki komi til breytinga á starfsemi innan lóðarinnar. Ekki er tekið vel í að byggja frekar undir og festa svæði undir bílastæði og má segja að núverandi bílplön séu víkjandi ásýnd og viðmót lóðanna við Flugvallarveg sé tekið mið af fyrrnefndri borgarþróun sem hefur átt sér stað á Hlíðarendasvæðinu.

## Niðurstaða

- Ekki er fallist á lausn fyrirspyrjanda vegna bílastæðavanda sveitarinnar með lóðarstækkun til norðausturs. Verði fallist á niðurrif bragga og stækkun vélageymslu verður að breyta deiliskipulagi lóðarinnar á kostnað lóðarhafa.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ingvar Jón Bates Gíslason, arkitekt